

Nd.

100. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Nefndin í frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur telur löggin eiga að ganga fram, en leggur til að gera þessar

BREYTINGAR:

1. Aftan við 2. gr. skal bæta:

er greiðist úr landsjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

2. Síðari hluti 3. gr. frá »stofnanir« skal vera svo:

Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

3. Svolátandi 4. gr. skal bæta inn í frv.:
Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot
sem sýslunarmenn.

4. 4. gr. verður 5. gr.

Alþingi 14. júlí 1914.

Jón Magnússon,
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
skrifari.

Einar Arnórsson.

Pjetur Jónsson.

Þórarinn Benediktsson.